

ÁLFHÓLSSKÓLI

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Áb.: MMR
19. DES. 2013
Tilv.: MMR 3080164
Db.: 6.11.2

Kópavogi 12. desember 2013

Mennta og menningarmálaráðuneytið  
Stefán Baldursson  
Margrét Harðardóttir  
Sölvhólsgötu 4  
150 Reykjavík

**Efni: Umbótaáætlun vegna úttektar á Álfhólsskóla**


Í bréfi ráðuneytis, 11. október 2013 var óskað eftir tímasettri umbótaáætlun um hvernig brugðist yrði við þeim tillögum og ábendingum sem fram koma í skýrslunni á úttekt á starfsemi Álfhólsskóla.

Umbótaáætlun fylgir hér með og eru teknir þeir þættir sem nefndir voru sem tækifæri til úrbóta í skýrslunni. Gerðar eru áætlanir um umbætur, hvenær vinnan hefst og hvenær henni á að vera lokið einnig hverjir eru ábyrgir fyrir því að unnið sé að umbótunum.


Mjög mikilvægt er að umbæturnar tengist stefnu skólans og gildum.

Við viljum þakka ráðuneyti og úttektaraðilum gagnlegar ábendingar og uppbyggjandi ummæli.

Virðingarfyllt

  
Sigrún Bjarnadóttir, skólastjóri

# Umþótaáætlun Ytra mats Álfhóllsskóla 2013 - 2014




ÁLFHÓLLSSKÓLI

*Menntun*

*Sjálfstæði*

*Ánægja*



## Inngangur

Álfhólskóli var meðin á vorönn 2013 með ytra mati. Matið unnu matsmenn á vegum Námsmatsstofnunnar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband Íslenskra sveitarfélaga. Matið var framkvæmt af Hönnu Hjartardóttur og Þóru Björk Jónsdóttur en það fór fram á vettvangi 15.-30. apríl en áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur.

Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrjár fyrirfram ákveðin en sá fjórða var ákveðin af Menntasviði Kópavogs og Álfhólskóla. Þættirnir voru stjórnun, nám og kennsla, innra mat og stoðþjónusta. Meðfylgjandi er slóð á skýrsluna.

<http://www.alfhollsskoli.is/images/stories/mataskolastarfi/matsgogn/Ytramatalhollsskoli.pdf>


Skólahelmsóknin stóð yfir í sex daga. Vettvangsathuganir voru í 43 kennslustundum hjá jafn mörgum kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum svo sem stærðfræði, íslensku (lestri, skrift, bókmenntum, málfræði), samfélagsfræði, náttúrufræði, smíði, leiklist og tónlist auk sérkennslu og nýbúakennslu. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skólans, stjórnendum, nemendum í tveimur hópum þ.e. annars vegar nemendum í 1. – 6. bekk og hins vegar 7. – 10. bekk, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Fulltrúar í rýnihópa voru valdir með slenmbiúrtaki nema stjórnendur. Þá var tekið einstaklingsviðtal við skólastjórann. Vegna fjórða matsþáttarins, sérkennsla/stoðþjónusta, var myndadur sérstakur rýnihópur sem upplýsti um þjónustuna auk þess sem tekið var einstaklingsviðtal við deildarstjóra stoðþjónustunnar. Spurningum um stoðþjónustu var einnig beint til rýnihópa kennara, skólaráðs og foreldrafélags.

Niðurstöður matsins voru mjög jákvæðar fyrir skólann og lokaorðin eru: „Álfhólskóli er skóli þar sem borin er virðing fyrir margbreytileika og leitast er við að koma til móts við þarfir allra nemenda.“

Í umbótaáætluninni eru teknir þeir þættir sem nefndir voru sem tækifæri til úrbóta í sýrslunni. Gerðar eru áætlanir um umbætur, hvenær vinnan hefst og hvenær henni á að vera lokið einnig hverjir eru ábyrgir fyrir því að unnið sé að umbótunum.

Mörg tækifæra til umbóta, sem úttektaraðilar bentu á, tengdust innleiðingu nýrrar Aðalnámskrár sem skólinn var nýhafinn að innleiða. Margar áætlanir skólans um umbætur tengjast því innleiðingu nýrrar aðalnámskrár.

Mjög mikilvægt er að umbæturnar tengist stefnu skólans og gildum.



## **Stefna Álfhólskóla**

Hlutverk Álfhólskóla er að búa nemendur undir þátttöku í Ýðræðissamfélagi í námsumhverfi sem stuðlar að sjálfstæði og þroska einstaklingsins.

Álfhólskóli hefur þrjú megingildi að leiðarljósi:

**Menntun – Sjálfstæði - Ánægja**

**Menntun**

Í Álfhólskóla er skapandi starf með fjölbreyttum kennsluháttum og nám við hæfi hvers og eins óháð menningarlegum bakgrunni.

**Sjálfstæði**

Í Álfhólskóla er lögð áhersla á að nemendur séu sjálfstæðir, sýni frumkvæði, ábyrgð og setji sér raunhæf markmið.

**Ánægja**

Í Álfhólskóla er skólabragur sem einkennist af ánægju, leik og vellíðan.


**Framtíðarsýn**

Álfhólskóli verður meðal fremstu grunnskóla landsins.

Álfhólskóli tekur vel á móti öllum nemendum og einsetur sér að útskrifa fróðleiksfúsa, virka og ánægða þjóðfélagsþegna með trú á eigin hæfileika og getu.

Samskipti heimila og skóla eru góð og einkennast af gagnkvæmri virðingu.

Í Álfhólskóla starfar samhentur hópur áhugasamra og hæfileikaríkra starfsmanna með fjölbreytta og faglega þekkingu.



## Hlutverk Álfhósskóla

Að búa nemendur undir þátttöku í Iðræðissamfélagi  
í námsumhverfi sem stuðlar að sjálfstæði  
og proska einstaklingsins.

### Menntun – Sjálfstæði – Ánægja

#### Skólasamfélagið

Ánægðir nemendur

Sjálfstæðir og ábyrgir  
nemendur

Góð tengsl og  
samvinna heimila  
og skóla

Góð tengsl og  
samvinna við  
skólasamfélagið

#### Innra starf

Nám við hæfi  
hvers og eins

Skapandi skólastar  
með fjölbreyttum  
kennsluáferðum

Fjölbreytt námsmat

Skilvirk ferli

#### Mannauður

Vel menntaðir og  
hæfileikaríkir  
starfsmenn

Virk sl- og  
endurmenntun


Ánægðir og jákvæðir  
starfsmenn

#### Fjármál

Góð og hagkvæm  
nýting fjármuna


Vistvænn rekstur






## Stjórnun

Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlanir um umbætur	Vinna hefst	Áætlun lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Stjórnandinn sem leiðtogi.	Gera þarf einkunnarorð skólans sýnilegri bæði í vitund fólks og með hlutlægum hætti.	Gildi skólans verða unnin á þemadögum sem eru að hausti. Starfsmenn vinna síðan í að flétta þau inn í daglegt starf skólans.	Verkefnið farið af stað.	Þarf að viðhalda á hverju ári.	Metið í rýnihópum og rafrænni könnun 2016.	Stjórnendateymi.
	Huga þarf að meiri endurgjöf til kennara.	Stjórnendur fari reglulega í heimsóknir í kennslustundir.	Á skólaárinu.	Þarf að viðhalda á hverju ári.	Rafræn könnun 2016.	Skólastjóri.
Stjórnun stofnunar.	Kanna þarf hvort allir verktakar sem koma í skólann hafi undirritað þagnarskyldu og trúnað.	Kanna hjá Kópavogsbæ hvort allir verktakar sem að skólann koma hafi undirritað þagnarskyldu og trúnað.	Skólárið.	Vor 2014.	Leiða staðfestingar frá Kópavogsbæ 2014.	Skólastjóri.
Faglegt samstarf.	Æskilegt að hafa skráð samskipti við önnur skólástigi þar sem tímasetningar og samstarf kemur fram.	Gera starfsáætlun fyrir samstarf leik- og grunnskóla og grunn- og framhaldsskóla.	Vinna hafin. Búið að gera starfsáætlun við leikskólana. Unnið að starfsáætlun við framhaldsskólana.	Vor 2014.	Metið í rýnihópi í samráði við leik- og framhaldsskólann 2015.	Stjórnendateymi.
Starfsáætlun/ Skólanámskrá.	Auka þátttöku foreldra í gerð skólanámskrár.	Á stefnumótunarfundi skólans í maí 2014 koma foreldra og nemendur ásamt kennurum að gerð skólanámskrá.	Vinna er hafin að undirbúningi stefnumótunardags.	Vor 2014.	Metið árlega í rýnihópum og/eða könnunum til 2017.	Skólastjóri og teymi um innleiðingu aðalnámskrár.
Skóladagur nemenda.	Nýta sameiginlegan tíma á töflu enn frekar, t.d. fyrir samvinnu milli árganga.	Huga þarf að þessum þætti í vinnu við gerð nýrrar skólanámskrá.	Vinna hafin.	Vor 2016.	Metið í rýnihópum 2017.	Stjórnendateymi Teymi um innleiðingu aðalnámskrár.
Verklagsreglur og áætlanir.	Setja áætlanir og verklagsreglur fram á fleiri tungumálum.	Fengnir verða aðilar til að þýða verklagsreglur og áætlanir yfir á fleiri tungumál.	Verkefnið farið af stað.	Vor 2015.	Metið í rýnihópum 2016.	Stjórnendateymi.



## Stjórnunin

Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlanir um umbætur	Vinna hefst	Áætlun lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Skólaráð, foreldrafélag.	Þar sem fulltrúar í skólaráði eiga að vera kosnir til tveggja ára væri eðlilegt að nemandi úr 9. bekk væri kosinn annað hvert ár. Er þetta rétt.	Búið er að kjósa fulltrúa úr 9. bekk til tveggja ára	Vinna hafin.	Lokið.	Metið af sjálsmatsteymi skólans 2014.	Skólastjóri.
Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsinga-miðlun.	Effa þarf og samræma öflugt upplýsingaflæði í gegnum Mentor hjá kennurum.  Skólinn þarf að hvetja foreldra að fylgjast reglulega með áætlunum, heimanámi og viðburðum.	Búið að halda námskeið nú í haust Námskeið var á vegum Mentor. Áhersla lögð á aukio upplýsingaflæði í gegnum Mentor.  Farið var yfir með foreldrum á skólakynningum nú í haust hvernig þeir geta sótt sér upplýsingar um áætlanir, heimanám og aðra viðburði.	Vinna hafin.	Þarf að viðhalda á hverju ári.	Metið árlega í rýnihópum og/eða könnunum til 2017.	Stjórnendateymi.




## Nám og kennsla

Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlanir um umbætur	Vinna hefst	Áætluð lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Nám og námsaðstæður.	Uppfæra þarf námsvísa í tengslum við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár.	Hafn er vinna við gerð nýrrar skólanámskrár Álfhósskóla með hlýðsón af nýrri Aðalnámskrá. Á skólaárinu verður lögð áhersla á að byggja upp sameiginlegan skilning starfsmanna á grunnþáttum menntunar og lykilhæfni samkvæmt almenna hluta nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla. Einnig verður unnið í greinanámskám. Farið verður á fræðslufundi og fengnir verða aðilar til að halda fræðslufundi í skólanum. Ingvar Sigurgeirsson hefur verið fenginn til að stýra verkefni. Kennarar á stögum velja viðfangsefni sem unnið verður með í veturn og síðan verður uppskeran í lokin.	Vinna hafin.	Vor 2016.	Vinna skólaársins metin á „uppskeruhátö“ á skipulagsdögum að vori. Ný skólanámskrá vorið 2016. Metið 2017.	Sjórnendateymi Teymi um innleiðingu aðalnámskrár.
	Skýrari tenging við stefnu skólans mættu birtast í bekkjarnámskrám.	Í námskrá vinnunni verður lögð áhersla á að stefna skólans birtist í bekkjarnámskrám.	Vinna hafin.	Vor 2016.	Metið í rýnihópum 2017.	Sjórnendateymi.
	Finna þarf leiðir til að foreldrar og nemendur nýti og tengi upplýsingar um nám og markmið í námsvísunum og áætlunum.	Farið yfir með foreldrum á skólakynningum nú í haust hvernig þeir geti nýtt og tengt upplýsingar um nám og markmið í námsvísunum og áætlunum. Einnig þurfa kennara að fara yfir þetta með nemendum í hverri grein fyrir sig.	Vinna hafin þarf að yfirfara á hverju hausti.	Þarf að viðhalda á hverju ári.	Metið árlega í rýnihópum og/eða könnunum til 2017.	Sjórnendateymi.

## Nám og kennsla


Skipulag náms og námsumhverfi.	Setja viðmið um námsmat og tengja við marknið.	Stofnað hefur verið námsmatsteymi sem mun vinna að því að innleiða nýtt námsmat með nýrri aðalnámskrá.	Vinna hafn.	Vor 2016.	Ný skólanámskrá vorið 2016. Metið 2017.	Stjórnendateymi. Teymi um innleiðingu aðalnámskrár.
	Efla þarf þáttöku nemenda í mati og umfjöllun um nám sitt.	Í tengslum við nýja skólanámskrá verður þátttaka nemenda elfd.	Vinna hafn.	Vorið 2016.	Metið í rýnihópum 2017.	Stjórnendateymi Teymi um innleiðingu aðalnámskrár.
Nemendur hafi meiri aðgengi að bókasafni/upp lýsingaveri.	Stofnað verði upp lýsinga- og tækniteymi í skólanum. Teymið skoðar og fer yfir það hvernig nýta megi betur upp lýsingaver og bókasafn skólans.	Vinna hafn.	Vor 2015.	Metið í rýnihópum og rafrænni könnun 2016.	Stórnendur Upp lýsinga og tækniteymi skólans.	
	Skoða samráð um dreifingu heimanáms hjá kennurum.	Setja þarf af stað vinnu á hverju stigi skólans til að ræða heimanám og dreifingu þess yfir vikuna.	Vinna hafn.	Vor 2014.	Metið af sjálsmatsteymi skólans 2014.	Stjórnendateymi.
Kennsluhættir og gæði kennslu.	Tengja þarf nám og námsmat betur við marknið.	Stofnað hefur verið námsmatsteymi sem mun vinna að því að innleiða nýtt námsmat með nýrri Aðalnámskrá.	Vinna hafn.	Vor 2016.	Metið í rýnihópum Könnun 2017.	Stjórnendur Námsmatsteymi.
	Nýta betur upp lýsingatækni í námi og kennslu.	Stofnað verði upp lýsinga- og tækniteymi í skólanum. Teymið skoðar og fer yfir það hvernig nýta megi betur upp lýsingatækni í námi og kennslu samkvæmt nýrri Aðalnámskrá.	Vinna hafn.	Vor 2015.	Metið í rýnihópum Könnun 2017.	Stórnendur. Upp lýsinga og tækniteymi skólans.
	Nýta betur samvinnu nemenda og samþættingu námsgreina sem tækifæri til skapandi starfs og fjölbreytni.	Í nýrri skólanámskrá verður lögð áhersla á samþættingu námsgreina sem tækifæri til skapandi starfs og fjölbreytni.	Vinna hafn.	Vor 2016.	Metið í rýnihópum Könnun 2017.	Stjórnendateymi. Teymi um innleiðingu aðalnámskrár.





## Nám og kennsla

Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlanir um umbætur	Vinna hefst	Áætluð lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Náms hættir og námsvítund.	Huga betur að áhugasviði nemenda og vítund þeirra um styrkleika sína sem námsmenn.	Löggö verður áhersla á að nemendum gefist tími til að vinna með sínar sterku hliðar og áhugasvið.	Vinna hefst á skólaárinu.	Vor 2015.	Metið í rýnihópum og af sjálfsmatsteymi skólans 2015.	Stjórnendateymi. Teymi um innleiðingu aðalnámskrár.
	Auka þátttöku og ábyrgð nemenda í að skipuleggja nám sitt og námsaðferð og að meta framgang sinn.	Í vinnu að nýrri skólanámskrá þarf að gæta að þessum þætti. Kennsla þarf að vera miðuð að því að mæta þörfum einstaklings sem setja sér eigin námsmarkmið, læra að skipuleggja nám sitt sjálfir og meta árangur sinn.	Vinna hafin.	Vor 2016.	Metið í rýnihópum. Könnun 2017.	Stjórnendateymi. Teymi um innleiðingu aðalnámskrár.
Lýðræðisleg vinnubrögð.	Fylgjast vel með og meta hvernig færniáðgreining hefur áhrif á námsárangur nemenda og félagslega aðlögun.	Fylgjast þarf með árangri barna á skólaprófum og samræmdum prófum hvaða árangri færniáðgreining skilar nemendum og hvort þetta hafi áhrif á félagslega aðlögun þeirra.	Á skólaárinu.	Vor 2015.	Úttekt á gögnum árlega ásamt rafrænum könnunum og rýnihópum meðal nemenda.	Stjórnendateymi
	Að nemendur komi sjónarmiðum sínum á framfæri, með fornlegum og markvissum hætti um framkvæmd náms og námsumhverfis	Stefnt verður að því eins og verið hefur að nemendur komi sínum sjónarmiðum á framfæri í gegnum bekkjafundi, Skólalúsinu og með setu í nemendaráði og í skólaráði.	Vinna hefur verið í gangi og heldur áfram.	Part að viðhalda á hverju ári.	Metið árlega í rýnihópum og/eða könnunum til 2017.	Stjórnendateymi
	Efla þarf leiðir til að niðurstöður umræðna í nefndum, kannana og innra mats komist til skila til allra nemenda og foreldra.	Gæta þarf þess að nemendum séu kynntar niðurstöður kannana. Fulltrúar nemenda í skólaráði komi þessu á framfæri til nemendaráðs skólans. Foreldrar hafa fengið kynningar á aðalfundi foreldrafélagsins, opnum skólaráðsfunði og á heimasíðu skólans. Einnig verður gefið út fréttabréf þar sem niðurstöður verða kynntar jafnóðum.	Vinna hefur verið í gangi og heldur áfram.	Part að viðhalda á hverju ári.	Metið árlega í rýnihópum og/eða könnunum til 2017.	Stjórnendateymi



## Nám og kennsla

Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlanir um umbætur	Vinna hefst	Áætluð lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábýrgð
Ábýrgð og þáttaka..	Kennarar þurfa að tengja nám og kennslu við markmið nemenda	Þetta er og hefur verið stétna skólans og þarf þess einnig að gæta við innleiðingu nýrrar skólanámskrár. Kennsla þarf að vera miðuð að því að mæta þörfum einstaklinga sem setja sér eigin námsmarkmið, læra að skipuleggja nám sitt sjálfir og meta árangur sinn.	Vinna hefur verið í gangi og heildur áfram.	Vor 2016.	Metið í rýnihópum. Könnun 2017.	Stjórnendateymi. Teymi um innleiðingu aðalnámskrár.
	Nemendur þurfa að fá leiðsögn og þjálfun við að tengja nám við markmið og mat við viðmið um árangur	Farið yfir með nemendum hvernig þeir geti nýtt og tengt upplýsingar um nám og markmið í námsvísun og áætlunum. Kennarar þurfa að fara yfir þetta með nemendum í hverri grein fyrir sig.	Vinna hefin þarf að yfirfara á hverju hauseiti.	Þarf að viðhalda á hverju ári.	Metið í rýnihópum. Könnun 2017.	Stjórnendateymi.
	Auka má sjálfsmat nemenda og leiðbeina þeim við mat á eigin framförum tengt viðmiðum um árangur	Í vinnu að nýrri skólanámskrá verða sett viðmið um sjálfsmat nemenda og þeim leiðbeint við mat á eigin framförum tengt viðmiðum um árangur.	Vinna hefin.	Vor 2016.	Metið í rýnihópum. Könnun 2017.	Stjórnendateymi. Teymi um innleiðingu aðalnámskrár.

## Nám og kennsla

Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlanir um umbætur	Vinna hefst	Áætluð lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
	Efla þarf bekkjar kennslu þannig að nemendur með margvíslega hæfni hafi möguleika á að ná árangri í námi innan bekkjar.	Í vinnu að nýrri skólanámskrá þarf að huga að því að viðhalda þessum þætti. Það er í stefnu skólans að kennsla eigi að vera miðuð að því að mæta þörfum einstaklinga sem setja sér eigin námsmarkmið, læri að skipuleggja nám sitt sjálfir og meti árangur sinn.	Vinna hafin.	Vor 2016.	Metið í rýnihópum. Könnun 2017.	Stjórnendateymi. Teymi um innleiðingu aðalnámskrár.
	Tengja markvissst saman áætlanir bekkjar og einstaklingsáætlanir þannig að nám allra nemenda tengist náms- og félagslega starfi bekkjarins.	Í vinnu að nýrri skólanámskrá þarf að huga að því að viðhalda þessum þætti.	Vinna hafin.	Vor 2016.	Metið í rýnihópum. Könnun 2017.	Stjórnendateymi. Teymi um innleiðingu aðalnámskrár.
Nám við hæfi allra nemenda.	Til að efla virkni og ábyrgð nemenda þarf að gera nemendum með sérþarfir sem og öðrum nemendum, ljós markmið með námi sínu.	Í vinnu að nýrri skólanámskrá verður lögð áhersla á að nemendur átti sig betur á markmiðum með námi sínu. Það þarf að efla virkni þeirra og ábyrgð eins og gert hefur verið með nemendum með sérþarfir. Kennarar þurfa að fara yfir þetta með nemendum í hverri grein fyrir sig.	Vinna hafin.	Vor 2016.	Metið í rýnihópum. Könnun 2017.	Stjórnendateymi. Teymi um innleiðingu aðalnámskrár.
	Huga að því að tengja verkefni og viðfangsefni nemenda meira við áhuga og að þau séu hæfilega krefjandi og geri kröfur um að allir nái árangri.	Í vinnu að nýrri skólanámskrá þarf að huga að því að viðhalda þessum þætti. Það er í stefnu skólans að kennsla eigi að vera miðuð að því að mæta þörfum einstaklinga sem setja sér eigin námsmarkmið, læri að skipuleggja nám sitt sjálfir og meti árangur sinn.	Vinna hafin.	Vor 2014.	Metið í rýnihópum. Könnun 2015.	Stjórnendateymi.
	Skilgreina betur ábyrgð sem snýr að námi nemenda með sérþarfir.	Skilgreint verður betur með ferlum og ábyrgðartölflu hver ber ábyrgð á námi nemenda með sérþarfir.	Vinna hafin.	Vor 2014.	Metið í rýnihópum. Könnun 2015.	Stjórnendateymi.

## Nám og kennsla

Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlanir um umbætur	Vinna hefst	Áætluð lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Stuðningur við nám.	Upplýsingar og verklag í tengslum við skipulag sérúræða þyfti að vera aðgengilegt og birt á heimasíðu skólans. Huga þarf að viðfangsefnum sem koma til móts við bráðgera nemendur.	Birtar verða upplýsingar og verklagsreglur í tengslum við skipulag sérúræða á heimasíðu skólans. Í vinnu að nýrri skólanámskrá þarf að huga að því að viðhalda þessum þætti. Það er í stefnu skólans að kenna eigi að vera miðuð að því að mæta þörfum einstaklings sem setur sér eigin námsmarkmið, læri að skipuleggja nám sitt sjálfir og meti árangur sinn.	Vinna hafin.	Vor 2014.	Metið í rýnihópum. Könnun 2015.	Stjórnendateymi. Stjórnendateymi. Teymi um innleiðingu aðalnámskrár.
			Vinna hafin.	Vor 2016.	Metið í rýnihópum. Könnun 2016.	Stjórnendateymi. Teymi um innleiðingu aðalnámskrár.

## Innra mat

Verkefni	Tæktifæri til umbóta	Áætlanir um umbætur	Vinna hefst	Áætlun lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum grunn.	Auka þáttöku nemenda við að allta gagna.	Umnið verður áfram með fjölbreyttar aðferðir til að allta gagna og haldið áfram að auka þáttöku nemenda.	Vinna hafin.	Þarf að viðhalda á hverju ári.	Metið í rýnihópum og af sjálfsmatsteymi skólans 2015.	Skólastjóri. Teymi um mat á skólastarfi.
Innra mat samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum.	Huga hvort matsteymi verði skipað öllum hagsmunaaðilum.	Matsteymi hefur verið skipað öllum hagsmunaaðilum nema nemendum. Nú í veturn hefur nemanda verið bætt inn í matsteymið.	Vinna hafin.	Þarf að viðhalda á hverju ári.	Metið í rýnihópum og af sjálfsmatsteymi skólans 2015.	Skólastjóri. Teymi um mat á skólastarfi.
Innra mat er opinbert.	Kynna nemendum betur helstu niðurstöður kannana.	Gæta þarf þess að nemendum séu kynntar niðurstöður kannana. Fulltrúa nemenda í skólaráði komi þessu á framfæri til nemendaráðs skólans. Kennarar ræði niðurstöður á bekkiafundum.	Vinna hefur verið í gangi og heldur áfram.	Þarf að viðhalda á hverju ári.	Metið í rýnihópum og af sjálfsmatsteymi skólans 2015.	Skólastjóri. Teymi um mat á skólastarfi.
Innra mat er umtótamiðað.	Setja þarf í umbótaáætlun hvenær hugað verður að mati á umbótum sem gerðar verða.	Sett verður í umbótaáætlun hvenær hugað verður að mati á umbótum.	Vinna hafin.	Vor 2014	Komið í umbótaáætlun.	Skólastjóri. Teymi um mat á skólastarfi.

## Stöðþjónusta

Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlanir um umbætur	Vinna hefst	Áætluð lok	Hvernig/hvenæ r mælt	Ábyrgð
Nám við allra hæfi.	Sérhæfðan og almennan tölvubúnað þarf að endurnýja og auka.	Í stefnu Kópavogsbæjar 2013 kemur fram að endurnýjun tölvubúnaðar á að eiga sér stað á þessu og næsta skólaári og munu stjórnendur hafa meira um það að segja hvaða búnaður sé í notkun.	Vinna hófst 2013.	Þarf að vera í stöðugri Endur-nýjun.	Metið árlega.	Stjórnendateymi
Greiningargögn og náms-áætlanir.	Umsjónarkennarar komi að gerð einstaklingsáætlana með nemendum, foreldrum og sérkennara.	Endurskoða þarf ferlinn hverjir koma að gerða einstaklingsáætlana með tilliti til aðkomu umsjónarkennara.	Vinna hafin.	Vor 2014.	Metið í rýnihópum.	Skólastjóri Deildarstjóri sérúræða
Verklagsreglur og áætlanir.	Vinna þarf áætlun um flutning milli skólastiga og hafa hana sýnilega á heimasíðu.	Vinna þarf tilfærsluáætlun fyrir einstaka nemendur sem eru í sérúræði skólans og setja hana á heimasíðuna.	Vinna hafin.	Vor 2014.	Metið í rýnihópum.	Skólastjóri Deildarstjóri sérúræða
Verklagsreglur og áætlanir.	Setja upp verklagsreglur og áætlanir á helstu erlend mál á heimasíðu.	Fengnið verða aðilar til að þýða ferla yfir á fleiri tungumál.	Verkefnið farið af stað.	Vor 2015.	Metið í rýnihópum.	Stjórnendateymi
Verklagsreglur og áætlanir.	Koma þarf á nákvæmara ferli við upplýsingagjöf milli starfsmanna vegna einstakra nemenda.	Unninn verður ferill um upplýsingagjöf til allra starfsmanna vegna einstakra nemenda.	Vinna hafin.	Vor 2014.	Metið í rýnihópum.	Stjórnendateymi
Skipulag.	Huga að því hvernig hægt er að styðja við nám nemenda í bekkjarumhverfi þannig að sérfræðipækling sérkennara nýtrist betur innan bekkjarumhverfis.	Hafa námskeið og fræðslu ásamt handleiðslu fyrir umsjónarkennara.	Vinna hefst á skólaárinu.	Vor 2016.	Metið í rýnihópum.	Stjórnendateymi.

## Stoðþjónusta

Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlanir um umbætur	Vinna hefst	Áætluð lok	Hvernig/hvenæ r mælt	Ábyrgð
Móttaka.	Birta þarf á heimasíðu upplýsingar um skólann á nokkrum tungumálum.	Fengnir verða aðilar til að þýða upplýsingar um skólann yfir á fleiri tungumál.	Verkefnið farið af stað.	Vor 2015.	Metið í rýnihópum.	Stjórnendateymi.
Félagsleg aðlögun.	Hafa skilgreiningu á félagslegri aðlögun tvítyngdra barna á heimasíðu svo að öðrum foreldrum sé ljóst í hverju hún er fólgin.	Setja þarf á heimsíðu skólans hvernig félagslegri aðlögun tvítyngdra barna sér háttað.	Vinna hafin.	Vor 2014.	Metið í rýnihópum.	Stjórnendateymi.



